

UT-messan

Mótun stefnu um
upplýsingasamfélagið 2013-2017



Umfjöllunarefni

1. Stefnumótunarferlið
2. Árangur af innleiðingu stefnunnar *Netríkið Ísland 2008-2012*
3. Staða Íslands borin saman við stöðu annarra þjóða
4. Tillögur í opnu samráði.




Kjarnahópur

1. Guðbjörg Sigurðardóttir, innanríkisráðuneyti, formaður
 2. Angantýr Einarsson, fjármálaráðuneyti
 3. Anna G. Björnsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
 4. Arnór Guðmundsson, menntamálaráðuneyti
 5. Björn Sigurðsson, forsætisráðuneyti
 6. Hjörtur Grétarsson, Reykjavíkurborg
 7. Kjartan Ingvarsson, umhverfis- og auðlindaráðuneyti
 8. Urður Gunnarsdóttir, utanríkisráðuneyti
 9. Valgerður Gunnarsdóttir, velferðarráðuneyti
 10. Þórir Hrafnsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.
- Með hópnum starfar Arnar Pálsson, ráðgjafi hjá Capacent.



Ferli fyrir mótun og innleiðingu opinberrar stefnu



Stefna mótuð

- 1. Samkomulag – Undirbúningur.** Fyrst þarf að ná samkomulagi um/taka ákvörðun um hvernig standa eigi að stefnumótunarferlinu. Taka þarf m.a. ákvarðanir um umfang vinnunnar, tímaramma, kostnað, ofl.
- 2. Skipun stýrinefndar.** Skipuð er nefnd eða vinnuhópur sem fær skýrt umboð til að stýra verkefninu í skipunarbréfi. Í því kemur fram lýsing á viðfangsefninu. Ákvarðanir og áform stjórnvalda eru kynnt í fjölmiðlum.
- 3. Opið ferli.** Hagsmunaaðilar eru kortlagðir/fundnir og aðkoma þeirra að ferlinu tryggð. Upplýsingum er miðlað og almenningi gert kleift að koma að ferlinu. (Fundur með hagsmunaaðilum.)
- 4. Stöðumat.** Aflað er víðtækra upplýsinga um viðfangsefnið og umhverfi þess. Komist er að samkomulagi eða sameiginlegri sýn á hver staðan raunverulega er.



Stefna mótuð

5. Valkostir. Leitast þarf við að finna allar mögulegar lausnir á vandanum þ.e. hvernig er hægt að bregðast við honum - og valkostir metnir. Besta lausn er valin og fram fer opin umræða og samráð um þá lausn.

6. Framtíðarsýn. Dregin er upp einhvers konar mynd af þeirri eftirsóknarverðu stöðu sem ætlunin er að ná. Tekið er mið af þeirri lausn sem valin var.

7. Markmið. Mótuð eru markmið sem hæfa framtíðarsýninni og þeim er forgangsraðað.

8. Mælikvarðar. Fundnir eru mælikvarðar fyrir markmiðin: Hvað á að mæla, hvernig á að mæla og hver mælir.



Stefna mótuð

9. Skilgreining helstu verkefna. Mótaðar fyrstu tillögur að verkefnum sem ráðast þarf í.

10. Drög að framkvæmdaáætlun. Innleiðingarverkefnið kortlagt, einstök verkefni tímasett, forgangs röðun, áfangaskipting og náð utan um kostnað.

11. Nánari skilgreining verkefna. Ábyrgðarmenn verkefna útfæra þau og lýsa þeim nánar.

12. Framkvæmdaáætlun endurskoðuð og útfærð.

Framkvæmdaáætlun er endurskoðuð og útfærð nánar í ljósi nýrra upplýsinga um verkefnin.

13. Fjármögnun framkvæmdaáætlunar. Viðkomandi aðilar ræða um fjármögnun framkvæmdaáætlunar og tengja hana við fjárlagaferlið.



Stutt yfirlit yfir áfanga í stefnumótuninni

- Innanríkisráðuneytið boðar til samráðsfundar í jan 2012
 - Hugarflug – áherslur – ábendingar – tillögur – samantekt fundar á irr.is
- Kallað var eftir **samstarfi** ríkis og sveitarfélaga um mótun „regnhlífarstefnu“ sem nái til ríkis og sveitarfélaga.
- Úttekt á framkvæmd Netríkisins - Stiki
- Stöðumat



Stutt yfirlit yfir áfanga í stefnumótuninni

- Ráðgjafi frá Capacent – Arnar Pálsson
- Stefnumótunarfundur 2. nóvember 2012 – Sviðsmyndir notaðar
- Hópavinna (bottom up) - 50 verkefnatillögur – samantekt
- Opið samráð – aðgengi að vinnugögnum á irr.is
- Kjarnahópur mótar drög að framtíðarsýn og sex meginmarkmiðum (top-down)
- Kallað eftir tillögum um verkefni
- Drög að framkvæmdaáætlun eru í mótun,....



opín gagnagrunnar beint borgarinn Skilvirkni gjáin
traust tölvulæsi sparnaður
gögn lýðræði þjónusta aðgengi
upplýsingar menntun rafræn auðkenning kosningar stafræna
Opin-gögn grunngerð sjálfsafgreiðsla löggjöf heilbrigðismál
Græn rafrænar fjarskipti gagnsæi uppbygging öryggi
tækni fyrirtæki menning staðlar



Mat á framkvæmd stefnunnar *Netríkið Ísland*

- Gerðar hafa verið úttektir á árangri af innleiðingu þriggja stefna sem mótaðar hafa verið um málefni upplýsingasamfélagsins.
- Innanríkisráðuneytið lét gera slíka úttekt vorið 2012 á framkvæmd stefnunnar um upplýsingasamfélagið 2009-2012. *Netríkið Ísland.*
- Úttekt framkvæmd af Stika.
- Skýrsla á irr.is




Niðurstöður

- Alls var fjármagni veitt til 32 aðgerða á árunum 2008–2012 en í stefnunni voru tilgreindar 67 aðgerðir.
- Af þeim telst 12 aðgerðum vera lokið og átta komnar vel á veg, eða 62,5% aðgerða.
- Staða markmiða er afar misjöfn. Sum hafa komist vel á veg á meðan lítið hefur þokast með önnur.
- Í framkvæmdaáætlun sem samþykkt var af ríkisstjórn voru áætlaðar 1200 mkr. á fjórum árum.
- Fjárveitingar urðu um 300 mkr.



Vegin staða markmiða stefnunnar *Netríkið Ísland 2012*



Staða Íslands og samanburðarlanda 2004–1012

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007-08 | 2008-09 | 2009-10 | 2011-12 |
|-----------|------|------|------|---------|---------|---------|---------|
| Ísland | 2 | 4 | 8 | 8 | 7 | 12 | 15 |
| Danmörk | 4 | 3 | 1 | 1 | 1 | 3 | 4 |
| Finnland | 3 | 5 | 4 | 6 | 6 | 6 | 3 |
| Svíþjóð | 6 | 8 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 |
| Noregur | 13 | 13 | 10 | 10 | 8 | 10 | 7 |
| Bretland | 12 | 10 | 7 | 12 | 15 | 13 | 10 |
| Fj. Landa | 104 | 115 | 122 | 127 | 134 | 133 | 142 |

Úr World Economic Forum (WEC): *Network Readiness Index* sem er listi yfir hæfni þjóða til að nýta sér upplýsingatækni.



Staða Íslands og samanburðarlanda 2003–2012

| | 2003 | 2004 | 2005 | 2008 | 2010 | 2012 |
|----------|------|------|------|------|------|------|
| Ísland | 15 | 14 | 15 | 21 | 22 | 22 |
| Danmörk | 4 | 2 | 2 | 2 | 7 | 4 |
| Finnland | 10 | 9 | 9 | 15 | 12 | 7 |
| Svíþjóð | 2 | 4 | 3 | 1 | 12 | 7 |
| Noregur | 7 | 10 | 10 | 3 | 6 | 8 |
| Bretland | 5 | 3 | 4 | 10 | 4 | 3 |

Úr könnun Sameinuðu þjóðanna:
Global E-Government Survey




OG svo er
Ísland í **82. sæti** í rafrænni þátttökuvísitölu
Sameinuðu þjóðanna



Notkun á opinberri þjónustu á Netinu á Íslandi Upplýsingar frá Eurostat.

Ísland í 1. sæti í Evrópu (nema 2007 í 2. sæti)



Fólkið er tilbúið og innviðirnir í fremstu röð
Tækifærin blasa við

Áherslur sem kjaranhópur vinnur út frá eru m.a.

- Úr stefnumótunaráætlun ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020:
 - Að Ísland verði meðal tíu efstu ríkja í rafrænni stjórnsýsluvísitölu Sameinuðu þjóðanna árið 2020. Ísland var í 22. sæti árið 2012.
 - Að Ísland verði meðal tíu efstu ríkja árið 2020 í rafrænni þáttökuvísitölu Sameinuðu þjóðanna en árið 2012 voru Íslendingar í 82. sæti. Í vísitölunni eru mæld gagnkvæm (tvíhliða) samskipti opinberra aðila við almenning og hagsmunaaðila á Netinu.
- Úr skipunarbréfi kjarnahóps:
 - Rekstur og þjónusta rafrænnar auðkenningar fyrir opinbera vefi verði miðlæg á vefsvæðinu Ísland.is.
 - Málaflokkur upplýsingasamfélagsins verði efldur....
 - Tilraunaverkefni sem miðar að því að styðja við þróun rafræns lýðræðis í sveitarfélögum.....

Aðferðafræði á stefnumótunarfundi 2. nóvember 2012

- Sviðsmynd: Árið 2017 er runnið upp og þátttakendur líta til baka með kollegum sínum. Opinberir aðilar hafa í sameiningu náð markverðum árangri í verkefnum upplýsingasamfélagsins og bætt stöðu Íslands í alþjóðlegum könnunum á þessu sviði. Almennigur og fyrirtæki eru ánægð með þau auknu tækifæri og skilvirkni sem rafræn stjórnsýsla hefði skilað þeim.
- Út frá ofangreindu var unnið með tvær lykilspurningar á fundinum:
 - Hvaða mikilvægu verkefnum er lokið (árið 2017)?
 - Hverjir þurftu að vinna saman (árið 2017)?
- Þátttakendur á stefnumótunarfundinum mótuðu 50 tillögur um **verkefni**. (Bottom up)

Tillögur til umræðu – opið samráð

- Kjarnahópur mótaði drög að framtíðarsýn og sex meginmarkmiðum
- Drög að sex verkefnastofnum.



DRÖG janúar 2013

VINSAMLEGA MERKIÐ MEÐ AFGERANDI HÆTTI (T.D. MEÐ LIT EÐA MEÐ TRACK CHANGES)
ÞÆR BREYTINGARTILLOÐUR OG VIÐBÆTUR SEM ÞIÐ SKRIFIÐ INN Í SKJALID.

VERKEFNAÁÆTLUN – Verkefni upplýsingasamfélagsins

Heiti verkefnastofns (flokkur verkefna):

ÞEKKINGARUPPBYGGING

Dagsetningar:

Upphaf verkefnis: mars 2013

Áætluð lok verkefnis: desember 2016

(Enda dagsetning:

Verkefni lokið:)

Markmið þessa verkefnastofns eftirfarandi:

Aukið verði við þekkingu samfélagsins á möguleikum og notkun upplýsingatækni í þeim tilgangi að nýta tæknina á sem bestan máta til atvinnusköpunar, bættrar þjónustu, lýðræðislegrar þátttöku og hvers kyns hagræðingar. Áhersla er lögð á þekkingaruppbyggingu meðal barna, ungmenna og stjórnenda í þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

Mælikvarðar – mælanleg markmið

- Haldnar verði 2-4 málstofur á hverju ári þar sem fjallað verður um tiltekin mál. Markmiðið er að eigi færri en 120 starfsmenn sæki slíkar málstofur á hverju ári.
- Haldin verði námskeið sem verði sérsníðin fyrir opinbera starfsmenn eða tiltekna hópa í þeirra röðum. Markmiðið er að 70% skrifstofustjóra og ædstu yfirmanna sæki slík námskeið fyrir árslok 2017.
- Hér vantar mælikvarða um samþættingu upplýsingatækni inn í námsgreinar????? Ath mentamálaráðuneytið
- Aðrir mælikvarðar????
- Á árinu 20xx hafa möguleikar í upplýsingatækni verið nýttir t.....? til að efla kennslu og þekkingu á sviði upplýsingatækni.
- Á árinu 20xx er starfrækt endurmenntunardagskrá starfsmanna stjórnáslu ríkis og sveitarfélaga í upplýsingatækni.

g) Hér vantar mælikvarða varaðandi uppbyggingu sérþekkingar á sviði upplýsingatækni – framboð á fólki með sérmenntun sé í einhverju samræmi við þarfir samfélagsins.

Lýsing einstakra verkefna sem falla undir verkefnastofninn

I. Námskeið fyrir stjórnendur:

Verkefni hefjist með því að gerð verði könnun/þarfragreining varðandi þekkingu á upplýsingatækni hjá stjórnendum og sérfræðingum í þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Einnig verður safnað grunnupplýsingum um fjölda í markhópi til þess að hægt sé að leggja mat á árangur í lok verkefnis. Þegar niðurstaða þeirrar könnunar liggur fyrir verða mælikvarðar/markmið endurskoðuð.

Þá verði útfært heppilegt form á málstofum og hönnuð 2 námskeið sem verða nokkurs konar "prófunarverkefni" en hafa má hliðsjón af námskeiðum um umbætur á opinberum vejum við hönnun þeirra. Þessi tvö námskeið verði haldin haustið 2013. Að þeim loknum fari fram stöðumat og í kjölfarið önnur námskeið hönnuð þar sem byggt verður á reynslu þessara tveggja námskeiða.

Sem dæmi um efni námskeiða (eða málstofa) væri:

- Innkaup á tækjabúnaði og hugbúnaði fyrir opinbera aðila.
- Hvernig er hægt að nýta upplýsingatækni/netið til að auka lýðræðislega þátttöku og samskipti við almenning.
- Lög og reglur sem varða upplýsingatækni.
- Öryggismál - Hvernig virka rafrænar undirskriftir, rafræn skilríki og ýmsar aðrar tegundir rafræna auðkenninga.
- Stjórnun Internetsins -

II. Upplýsingatækni í skólum

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

III. Uppbygging sérþekkingar á sviði upplýsingatækni.

XXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXXX

Verkefnishópar

| Hlutverk í verkefni | Nafn | Hlutverk í verkefni |
|-------------------------------|----------------------|---------------------|
| I. Námskeið fyrir stjórnendur | | |
| Ábyrgðaraðili | Innanríkisráðuneyti, | |

Verkefnastofn 1 - Drög **Pekkingaruppbygging**



Aukið verði við pekkingu samfélagsins á möguleikum og notkun upplýsingatækni í þeim tilgangi að nýta tæknina á sem bestan máta til atvinnusköpunar, bættrar þjónustu, lýðræðislegrar þátttöku og hver kyns hagræðingar. Áhersla er lögð á pekkingaruppbyggingu meðal barna, ungmenna og annarra hópa eftir því hvar þörf krefur. Efla pekkingu hjá stjórnendum í þjónustu ríkis og sveitarfélaga.



Verkefnastofn 2 - Drög

Opin og gagnsæ stjórnsýsla



Almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að ópersónubundnum upplýsingum og skrám í vörslu ríkis og sveitarfélaga. Mótuð verði stefna ríkis og sveitarfélaga um opin gögn og sett upp ein gátt fyrir aðgang að slíkum gögnum/gagnagrunnum. Einnig verði opnaður aðgangur að persónubundnum upplýsingum fyrir viðkomandi einstaklinga og lögaðila þar sem því verður viðkomið og ný kerfi séu hönnuð með slíkan aðgang í huga.



Verkefnastofn 3 - Drög

Arkitektúr, öryggi og samvirkni



Komið verði á samræmdum arkitektúr og samvirkni milli upplýsingakerfa ríkis og sveitarfélaga og tryggt að þau uppfylli tiltekin öryggis- og gæðaviðmið. Mótaðar verði, eftir því sem þörf krefur, sértækar stefnur, viðmið, staðlar og reglur fyrir opinbera vefi sem þróist í takti við breytingar í tækni og þarfir samfélagsins. Þeim verði fylgt eftir með reglulegum könnunum/úttektum. Tryggt verður aðgengi að auðkenningarleiðum, sem mæta því öryggisstigi sem þörf er á hverju sinni, þar með talin rafræn skilríki.



Verkefnastofn 4- Drög Hagræðing og skilvirkni



Upplýsingatækni verði nýtt til að ná aukinni sjálfvirkni, samnýtingu upplýsinga og almennrar hagræðingar í rekstri og þjónustu. Stofnanir ríkis og sveitarfélaga hafi aðgang að þekkingu og ráðgjöf þegar þau ráðast í umbótaverkefni á sviði upplýsingatækni (verkefnahús). Unnið verði að því að nota upplýsingatækni við að greina og draga úr svikum og rutt verði úr vegi lagalegum hindrunum sem kunna að standa í vegi fyrir að hægt sé að veita rafræna þjónustu og opna gögn.



Verkefnastofn 5 - Drög

Aukið lýðræði



Stofnanir og sveitarfélög nái að efla lýðræði með því að tileinka sér gagnsæ, skilvirk og opin samráðsferli á Netinu svo að almenningur og fyrirtæki geti með auðveldum hætti komið að sjónarmiðum sínum í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku. Komið verði á rafrænni kjörskrá, rafrænum íbúakosningum og undirskriftarsöfnunum í sveitarfélögum. Þá verði gerð tilraun í með rafrænar sveitarstjórnarkosningar.



Verkefnastofn 6 - Drög

Aukin þjónusta



Einstaklingar og fyrirtæki geti afgreitt erindi sín við stjórnslu ríkis og sveitarfélaga hvenær sem er og án tafar, þá geti einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um sín eigin mál og fylgst með stöðu þeirra. Ríki og sveitarfélög þrói saman „mínar síður“ á Island.is.(ein gátt).



Takið þátt

Nánari upplýsingar á

irr.is

